



## Stjórnarfundur 2 miðvikudaginn 16. ágúst 2011 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.

Mætt: Jason Ívarsson Kristján Geir Guðmundsson Aðalsteinn Einar Eymundsson  
Afboð og mættu ekki: Svala Vignisdóttir, Stefán Jóhannesson, Óskar Hauksson, Hreggviður Norðdahl og Valdimar Hafsteinsson.

### Dagskrá

- Mótamál
  - Úthlutun móta
  - Þátttökugjöld
  - Niðurröðun efstu deildar
  - Viðburðadagatal
- Landsliðsmál
  - U17
  - U19
  - U19 Strandblak
- Yngriflokkamál
  - Mótin
  - Afreksbúðir
- Fjármál
  - Streymi fjármuna
- Önnur mál
  - Alþj. dómaramámsk
  - Skólamót
  - Þing erlendis
  - Þjálfaranámskeið í strandblaki

### Fundargerð

#### Mótamál

- Úthlutun móta kynnt og samþykkt formlega. Hafði verið samþykkt áður í tölvupósti.
- Þátttökugjöld voru kynnt og samþykkt af stjórn. Sævari var falið að senda viðkomandi félögum bréf.
- Enn er beðið eftir staðfestingu frá KA með lið sín í Mikasadeildinni. Drögin klár og verða send til íþróttahúsa um leið og svar kemur frá KA.
- Viðburðadagatal samþykkt.
- Erindi frá Aftureldingu tekið fyrir. Félagið óskaði eftir því að senda nýtt lið til keppni í Mikasadeild kvenna. Stjórn BLÍ fagnar fjölgun liða í deildinni og samþykkir því erindið og býður félagið velkomið í efstu deild kvenna.

## Landsliðsmál

- Búið er að ráða þjálfara fyrir U17 og U19 verkefningunni. Apostol verður með kvennaliðin og Zdravko með karllaliðin.
- U19 ára lið kvenna í strandblaki fara út 19. ágúst og koma heim þann 22. ágúst. Karl Sigurðsson er þjálfari liðanna en samtals eru fjórir leikmenn að fara í ferðina. Keppt verður í NEVZA móti í Drammen í Noregi. Þórey Haraldsdóttir fer með sem fararstjóri og Ásta Sigrún Gylfadóttir með sem foreldri.

## Yngriflokkamót BLÍ

- Farið var yfir úthlutun móta yngriflokkanna og hún samþykkt.
- Afreksbúðir BLÍ verða haldnar í annað sinn helgina 2.-4. september og ber að fagna því.

## Fjármál

- Farið var yfir fund framkvæmdastjóra og gjaldkera frá því fyrr í sumar. Þar gerðu þeir yfirlitsblað yfir fjármagnsstreymi. Búið er að semja við Byr um skuld sem er nú byrjað að greiða niður.
- Að öðru leyti lítur árið ágætlega út eins og staðan er.

## Önnur mál

- Ákveðið hefur verið að senda Sævar Mára Guðmundsson á alþjóðlegt dómaramámskeið og búið að sækja um. Enn á eftir að fá boðsbref fyrir hann til Rúmeníu 10.-17. október 2011.
- Skólamót. Jason kallar eftir hugmyndum um framkvæmd á skólamótum. Nokkur umræða var um þennan lið og var ákveðið að þreifa á félögunum hvernig þau gætu komið að framkvæmdinni.
- Rætt var um að klára umsóknina í Þróunarsjóð FIVB á allra næstu vikum. Þarf að senda fyrst til Evrópusambandsins.
- Jason Ívarsson fer á CEV þing í haust. Þar mun hann einnig fara á SCD þing og NEVZA þing. Verður í Austurríki í september.
- Þjálfaranámskeið í strandblaki. Í sumar kom erindi til BLÍ um námskeiðið sem haldið er í Mexíkó. Karl Sigurðsson og Heiðbjört Gylfadóttir hafa ákveðið að skella sér á námskeiðið og hafa óskað eftir hjálp við fjármögnun. Stjórn BLÍ bendir á verkefnasjóð ÍSÍ eða fræðslusvið til að sækja um styrk vegna námskeiðsins.

Fundi slitið kl. 18.04

*Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð*